

Yfirlit frjómælinga á Akureyri sumarið 2017

Frjómælingar hófust 3. apríl á Akureyri og stóðu til 30. september, samtals í 181 dag. Mælingar gengu vel nema í september því þá bilaði klukka í frjógildrunni í tvígang og mælingar féllu niður í tvær vikur. Þrátt fyrir þetta eru frjótölur í september langt yfir meðaltali.

Frjókorn mældust frá 27 frjó- og grashópum (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 7549 frjó/m³ sem er ríflega tvöfalt meira en mælt hefur að meðaltali á Akureyri. Af þeim voru 3373 grasfrjó (44,7%), 2555 birkifrjó (33,8%), 119 súrfrjó (1,6%) og 315 asparfrjó (4,2%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 888 (11,7%). Af þeim var fura/greni með yfir 3% frjókorna og víðir með með tæp 2%. Langalgengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

1.tafla. Frjó- og grógerðir á Akureyri sumarið 2017, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loftis
Gras	Poaceae	3373
Birki	<i>Betula</i>	2555
Ösp	<i>Populus</i>	315
Fura/Greni	Pinaceae	253
Víðir	<i>Salix</i>	133
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	119
Lyng	Ericales	95
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	84
Rósaætt	Rosaceae	74
Elfting	<i>Equisetum</i>	69
Stör	<i>Carex</i>	65
Yllir	<i>Sambucus</i>	17
Maðra	<i>Galium</i>	14
Netla	<i>Urtica</i>	14
Fífill	Compositae Cichorideae	11
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	10
Belgjurtir	Leguminosae	9
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	7
Sóley	<i>Ranunculus</i>	6
Elri (ödur)	<i>Alnus</i>	6
Hæra	Juncaceae	5
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	4
Körfublóm	<i>Aster</i>	4
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	3
Lerki	<i>Larix</i>	2
Einir	<i>Juniperus</i>	2
Baldursbrá	Compositae Achillea	1
Óþekkt/ógreind	incognito	299

Fyrsta frjókornið var birkifrjó sem kom í gildruna 3. apríl. Í apríl voru víðifrjó algengust með frjótöluna 9 frjó/m³ en auk þeirra greindust furu-, elri-, lerki- og lyngfrjókorn.

Asparfrjó voru nær samfelld í lofti 4.–17. maí. Þau urðu fleiri en undanfarin fimm ár, alls 315 frjó/m³. Hámark asparfrjóa var 4. maí (99 frjó/m³).

Birkifrjó hafa aldrei áður mælt fleiri á Akureyri en í sumar. Heildarfjöldinn fór í 2555 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2016 er 587 frjó/m³. Fyrir utan eitt birkifrjó í apríl þá mældust þau nær samfelld frá 14. maí til 23. júní eða í rúman mánuð sem er frekar langt frjótímabil fyrir birki. Hámark birkifrjóa var 21. maí (658 frjó/m³) en 72% allra birkifrjókorna mældust á fjögurra daga tímabili, 20.–23.maí.


Grasfrjó hafa líkt og birkifrjó, aldrei mælt fleiri síðan mælingar hófust. Heildarfjöldi varð 3373 frjó/m³ en meðaltal árána 1998–2016 er 1641 frjó/m³.

Fyrsta grasfrjóðið mældist 24. maí. Síðan komu þau lítið fyrstu dagana í júní en frá 10. júní voru þau sleitulaust í lofti til 4. september. Síðasta grasfrjóðið mældist 26. september.

Mest var um grasfrjó í júlí eða 1660 frjó/m³. Þau mældust fæst í maí eða fimm talsins. Í júní urðu þau 186 frjó/m³, 934 frjó/m³ í ágúst og 588 frjó/m³ í september. Þann 1. september voru flest grasfrjókorn í lofti eða 460 frjó/m³. Frjótalan fór sjö sinnum yfir 100 þetta sumarið og að auki sjö sinnum yfir 50.

Súrfrjó mældust fyrst 9. júní. Þau enduðu í 119 frjó/m³ og hafa þau ekki mælt hærri síðan mælingar hófust á Akureyri. Frjótalan fór hæst í 8 frjó/m³ dagana 16. og 23. júlí.





1. mynd. Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir á Akureyri 1998–2017.

Sumarið 2017 á Akureyri var mikið frjókornasumar bæði hvað heildarfrjómagn varðar og einnig frjómagn helstu frjógerða. Mest mældist af grasfrjóum en einnig mjög mikið af birkifrjóum (1. mynd).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var maí með 2959 frjó/m³ lofts en apríl reyndist sá rýrasti (34 frjó/m³). Í öllum mánuðum nema apríl mældust frjókorn yfir meðaltali (2. tafla).

Þetta sumar voru að jafnaði tæplega 42 frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts á Akureyri, miklu meira en í meðalári. Þeir sem hafa frjókornaofnæmi hafa væntanlega fundið vel fyrir því.

Hæsta samanlögð frjótala mældist 21. maí (675 frjó/m³) en þann dag voru birkifrjó í hámarki. Frjókorn voru í lofti alla daga frá 30. apríl til 4. september.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var meðalhiti á Akureyri yfir meðallagi síðustu 10 ára í öllum mánuðum mælitímabilsins nema í júní og ágúst. Úrkoma var hins vegar meiri en í meðalári í öllum mánuðum nema júní og júlí. Háar hitatölur í maí, júlí og september skýra að einhverju leyti háar frjótölur í þessum mánuðum, því þrátt fyrir mikla úrkomu þá var mikil frjódreifing þá daga sem þurr var.

2. tafla. Fjöldi frjókorna á Akureyri sumarið 2017 og meðaltal árunna 1998–2016.

Mánuður	2017	Meðaltal
Apríl	34	36
Maí	2959	358
Júní	823	688
Júlí	2060	834
Ágúst	1020	884
September	653	152
Samtals	7549	2951

Í október 2017
Ellý Guðjohnsen

